

Styrkbeiðni vegna reksturs Aflsins

Aflið, samtök gegn kynferðis og heimilisofbeldi hefur starfað frá árinu 2002. Þjónusta Aflsins er fyrir öll þau sem beitt hafa verið kynferðis- og/eða heimilisofbeldi í sinni víðustu mynd auk þess sem til Aflsins hafa leitað margir þolendur eineltis. Aflið býður einnig ráðgjöf fyrir aðstandendur. Aflið leggur sig fram um að ýta undir og efla umræðu um málefni þolenda ásamt því að taka virkan þátt í fjölbreyttu samstarfi við önnur félög og stofnanir sem að málaflokknum koma sem og að aðstoða nemendur við upplýsingaöflun um efni sem málaflokkinn varðar.

Starfssemi Aflsins gagnvart skjólstaðingum byggir á einkaviðtölum, hópavinnu og forvörnum. Aflið sinnir forvörnum og fræðslu í grunn- og framhaldsskólum, Háskólanum á Akureyri og öðrum stofnunum og fyrirtækjum. Öllum sem til Aflsins leita er boðið upp á ráðgjöf í einkaviðtölum en um er að ræða fyrstu hjálp og ráðgjöf í hvernig takast má á við þá reynslu að vera eða hafa verið beittur ofbeldi. Í kjölfarið er gefinn kostur á þátttöku í sjálfshjálparhóp sem sýnt hefur verið fram á að er mikilvægur þáttur í því ferli að takast á við alvarlegar afleiðingar sem ofbeldi getur haft. Ef þurfa þykir er skjólstaðingum vísað til frekari meðferðar sálfræðinga, fjölskyldufræðinga, geðlækna eða annarra þeirra sem um framhaldsmeðferð eru færir.

Þjónusta Aflsins er veitt brotapolum og aðstandendum að kostnaðarlausu.

Frá upphafi hefur fjöldi þeirra sem til Aflsins leita aukist frá ári til árs. Sem dæmi má nefna að árið 2009 voru 324 einkaviðtöl veitt en árið 2016 voru þau 1217. Ljóst er að það verður einnig fjölgun á yfirstandandi ári en fyrstu 10 mánuðina hafa verið veitt 1209 viðtöl. Um það bil fjórðungur þeirra sem til okkar leita eru búsettir utan Akureyrar og því mikilvægt fyrir öll sveitarfélög að þjónusta Aflsins sé öflug og að við getum haldið áfram að þróa starfið.

Á yfirstandandi ári hefur rekstur Aflsins og starfsemi eflst mjög en framlag ríkissjóðs hefur hækkað til muna frá fyrri árum auk þess sem starfsemin hefur verið flutt í nýtt húsnæði sem löngu var tímabært. Það er þó svo að framlögin nægja ekki til þess sem talist gæti eðlileg þjónusta í málaflokkinum og enn þarf að forgangsraða verkefnum þó búið sé að slökkva flesta þá elda sem starfseminni stafaði mest hætta af. Það er þó svo að töluvert meira fjármagn þarf til að fólk á landsbyggðinni njóti sambærilegrar þjónustu við fólk sem býr á höfuðborgarsvæðinu. Því leitum við nú til ykkar um styrk svo mögulegt sé að halda áfram að þróa Aflið og styðja á sem faglegastan hátt við brotapola ofbeldis í heimabyggð þar sem það getur verið mörgum óyffirstíganlegur þröskuldur að þurfa að fara langar vegalengdir til að leita sér aðstoðar. Þörfin er því miður til staðar og afleiðingar ofbeldis víðtækar og hafa ekki eingöngu áhrif á þann sem því er beittur heldur samfélagið í heild sinni og það er því samfélagsleg ábyrgð okkar allra að stuðla að bættri þjónustu við brotapola og aðstandendur þeirra. Það er einlæg von okkar að þið takið þessu erindi vel og séuð tilbúin til að styðja við starfsemina með fjárstyrk. Öll framlög eru vel þegin.

Með vinsemd og virðingu
Ráðgjafar og stjórn Aflsins
aflidakureyri@gmail.com